

Fundargerð 1.fundar Skólaráðs Lágafellsskóla skólaárið 2023 – 2024

5.12.2023 kl. 16:30

Mættir: Petra Eiríksdóttir, Anna Sigga Lúðvíksdóttir, Steinunn Porkelsdóttir, Erla Björnsdóttir, Sara María Ingólfssdóttir, Sigurður Orri Óskarsson og Lís Greipsson.

Dagskrá

1. Starfsáætlun skólaráðs starfsárið 2023-2024
 - a. Starfsáætlun samþykkt og send Skólaráði og sett á heimasíðu skólans.
2. Almenn um upphaf skólaárs 2023
 - a. Farið yfir ýmis mál er varða upphaf skólaárs, ráðningar, ný og gömul verkefni. Hlekkur á handbók skólaráðs grunnskóla.
3. Lesfimiðurstöður skólans kynntar. Lágafellsskóli er yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum nema 1.bekk sem skýrist af því að allir nemendur 1.bekkjar í skólanum taka lesfimiþrófið þó ekki séu þeir allir læsir. Þetta gefur nemendum 1.bekkjar tækifæri til að kynna fyrirkomulaginu og mæta því róleg og yfirveguð í lesfimiþróf í janúar. Almenn taka eingöngu þeir nemendur þrófið í fyrsta bekk sem orðnir eru læsir.
4. Skóladagatal 2024-2025 og drög að skóladagatali 2025-2026
 - a. Dagatölin kynnt og farið yfir dagsetningar. Dagatölin eru samræmd milli grunn- og leikskóla bæjarins. Nýlunda að gera dagatöl til tveggja næstu ára og verður það dagatal birt með fyrirvara um breytingar. Dagatölin eru bæði mjög í samræmi við það sem verið hefur undanfarin ár. Dagatölin verða sett á heimasíðu skólans þegar búið er að kynna þau og staðfesta í Fræðslunefnd.
5. Skólalóðin okkar – verkefni í samstarfi við Fræðsluvið
 - a. Verkefnið rætt og farið yfir hvar það er statt.
6. Önnur mál:
 - a. Lágafellsskóli – Símalaus skóli. Hvernig er staðan og er áhugi á að skólinn verði símalaus? Búið að ákveða að taka þetta mál föstum tókum og það mun verða skólaþing janúar/febrúar og undirbúningur fyrir það hafinn.
 - b. Matsalur og hádegishlé nemenda – spurt um hávaða og fjölda nemenda í matsal hverju sinni. Því miður er oft óþarflega mikill hávaði í matsalnum enda um 200 nemendur sem borða þar í tveimur hópum. 1.-3.bekkur borða í stofum. Það eiga að vera næg sæti fyrir alla nemendur og ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því.